

Júní 2021

Sjálfsmat Krikaskóla



Þrúður Hjelm
Skólastjóri Krikaskóla
Júní 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Kannanir Skólapúlsins	3
2. Starfsmannakönnun Mosfellsbæjar - stjórnendamat	5
3. Námsmat – samræmd próf - lesfimi - Hljóm-2 athugun	7
4. Haustfundur og kynning á skólastarfi	10
5. Starfsmannasamtöl	10
6. Sjálfsmat teyma	11
7. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir	14
8. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðipjónustu	15
9. Fjárhagsáætlun	15
10. Skólaþing	15
11. Ýmis verkefni	16
12. Starfsáætlun - Skólanámskrá	18
13. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara	18
14. Vinnueftirlitið - áhættumat	18
16. Starfendarannsóknir Krikaskóla	19
17. COVID-19	19
Lokaorð	23

Inngangur

Lögð er skylda á skóla í lögum um grunnskóla 2008 nr. 91 að meta skólastarf með kerfisbundnum hætti, árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólinn skal birta upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sama skylda er samkvæmt lögum um leikskóla 2008 nr. 90 í grein 18.

Markmið með innra mati skólans er eftirfarandi:

35. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í lögum um leikskóla 2008 nr. 90;

17. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Gerð er 3 ára áætlun fyrir innra mat skólans sem endurskoðuð er reglulega eftir þörfum. Nauðsynlegt getur verið að færa til þætti og flýta endurskoðun eftir því sem starf skólans kallar á. Hér er áætlun sem tekur til skólaársins 2019-2020:

Árlegt innra mat:

Foreldraviðtöl haldin minnst 2 á ári fyrir hvert barn

Haustfundur og foreldrasamtal til kynningar á námi og leik barna í Krikaskóla

Starfsmannasamtöl – árlega að lágmarki

Sjálfsmat teyma kennara tvisvar til fjórum sinnum á ári

Samráðsfundir kennara og barna eftir þörfum – með eða án skólastjórnenda

Úrvinnsla námsmats – vegna niðurstaðna úr mælingum skólans á námslegri stöðu eftir hverja mælingu með viðkomandi teymi – tvisvar á ári á kennarafundi með öllum faghópum

Endurmat sérkennsluþarfa og fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings tvisvar á ári

Fjárhagsáætlun og ársfjórðungsuppgjör

Endurmat á samkomulagi Krikaskóla við grunnskólakennara vegna 200 daga skóla – þrisvar á ári

Mat á einstökum þáttum í innra starfi skólans

Áhættumat í samvinnu við Vinnueftirlit Ríkisins

2020-2021

Foreldrakönnun grunnskóla febrúar 2021– Skólapúlsinn

Nemendakönnun 1. -4. bekkur mars 2021 – Skólapúlsinn

Viðhorfskönnun starfsmanna Mosfellsbæjar apríl 2021 - Maskína fyrir Mosfellsbæ

Endurskoðun forvarnaráætlunar gegn einelti og áreitni

1. Kannanir Skólapúlsins

Samið er við Skólapúlsinn um að gera kannanir meðal foreldra barna í Krikaskóla. Ekki er hægt að gera eina könnun þar sem sér könnun er gerð fyrir leikskóla og önnur fyrir grunnskóla. Því þarf að leggja tvær kannanir fyrir. Áætlað er að gera kannanir í Krikaskóla annað hvert ár en í ljósi sérstöðu skólaársins og niðurstöðu þjónustukönnunar sveitarfélaga hjá Gallup var ákveðið að leggja auka könnun fyrir foreldra grunnskólabarna í Mosfellsbæjar.

Almennt er búið til 120 nemenda líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í janúar. Vegna smæðar Krikaskóla eru allir foreldrar þátttakendur í könnuninni.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfráviknið er 2. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun og mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans var fastsett við fyrstu fyrirlögn árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigert viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Í öðrum tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Niðurstöður:

Foreldrakönnun grunnskóla febrúar 2021 – svarhlutfall var 85,6%

1. Nám og kennsla – Ánægja var meðal foreldra með nám og kennslu í skólanum 5,5 með marktækum mun(landið 5,1). 92,3% (landið 91,6%) foreldra voru ánægðir með stjórnun skólans, 83,1% (landið 83,8%) töldu nám hæfilega þungt og 80,8% (landið 76,6%) töldu aga hæfilegan í skólanum. Þarna varð breyting frá fyrra ári varðandi mat foreldra á þyngd námsefnis sem við munum taka til skoðunar hjá okkur.
2. Velferð nemenda – Almenn ánægja var með samskipti nemenda við starfsfólk skólans og líðan þeirra. Varðandi einelti var skólinn yfir landsmeðaltali og ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans hefur hækkað frá liðnu ári en við viljum gera betur. Því munum við áfram einbeita okkur að forvarnaráætlun gegn einelti og festa hana í sessi. Líðan nemenda í kennslustundum, útiveru og því hversu vel skólinn sinnir þörfum nemenda kemur vel út samkvæmt mati foreldra.
3. Aðstaða og þjónusta – Frístundaþjónusta fékk háa einkunn hjá foreldrum og 98,8% (landið 89,4%) þátttaka er í mötuneyti. 82,1% (landið 73,8%) foreldra er ánægð með máltíðir í skólanum. Hlutfall nemenda í frístundaþjónustu er 75,3% (landið 58,6%). Það hefur dregið úr notkun frístundaþjónustu bæði hjá okkur og á landsvísi á þessu sérstaka ári. Áhugavert verður að sjá þá þróun þegar samfélagið fer almennt að jafna sig eftir Covid-19 faraldurinn.

4. Foreldrasamstarf – Almenn ánægja var með foreldrasamstarf og 97,4% (landið 94,4%) voru ánægð með síðasta foreldraviðtal. 78,7% (landið 82,2%) voru ánægð með heimasíðu skólans. Foreldrar töldu sig einnig hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur 59,7% (landið 54,9%) og að leitað væri eftir tillögum foreldra og ábendingar þeirra teknar til greina 67,8% (landið 64,6%).

5. Heimastuðningur – Foreldrar eru virkir í námi barna sinna 5,5 (landið 5,0) og er það viðsnúningur frá fyrra ári. 79,5% (landið 74,2%) telja heimavinnu hæfilega það er einnig breyting frá fyrra ári og getur tengst breyttum áherslum vegna Covid-19. Væntingar foreldra barnanna til háskólanáms eru miklar 82,1% (landið 73,7%) en færri hafa væntingar um iðnnám 12,5% (landið 15,8%).

Aukaspurning var í könnuninni þar sem spurt var um ánægju með Covid viðbrögð skólans. Þar var niðurstaðan 96,2% (landið 95,2%) og ljóst er að mikil ánægja er með vinnu skólanna að þessu leyti.

Nemendakönnun grunnskóla – svarhlutfall var 99,1%

1. Ánægja af lestri - heildarniðurstaða skólans er mjög góð eða 5,2 (landið 4,8) marktækur munur er hjá skólanum upp á 0,4. Eini árgangurinn sem sýnir minni áhuga en er á landsvísu er 3. bekkur.
2. Ánægja með skólann - heildaránægja barna með skólann sinn er á pari við landsmeðaltalið eða 5,0 (landið 5,0). Mest ánægja með skólann er hjá 2. bekk en minnst hjá 3. og 4. bekk.
3. Vellíðan í skólanum - heildarniðurstaðan er 4,9 fyrir skólann (landið 5,1) og þar með undir landsmeðaltalinu. Þar munar mest um svör barna í 3. bekk en þeirra svör eru marktækt lægri en jafnaldra á landinu. Mikil umræða átti sér stað um ástæður - orsök og afleiðingar.

Úrvinnsla

Fundað var um kannanirnar þegar þær bárust – báðar voru skoðaðar með öllum starfsmönnum á starfsmannafundum. Síðan var fundað sérstaklega með þeim sem málið varðaði og kafað dýpra í einstaka þætti. Teymin sem vinna í viðkomandi aldurs hópi setja sér markmið fyrir næsta skólaár til að halda í góðan árangur og bæta þar sem þörf er á. Markmiðin munu koma fram í starfsáætlun næsta skólaárs - en ýmislegt er tekið fyrir strax og sett í forgang. Það tekur gjarnan stuttan tíma að bregðast við nýjum upplýsingum og vinna hratt í samhentum starfshópi Krikaskóla.

Kannanirnar voru kynntar í Skólaráði Krikaskóla og farið yfir helstu niðurstöður.

Skólastjóri tók saman bréf til foreldra með þökkum fyrir þátttöku og falleg orð til skólans ásamt helstu niðurstöðum.

Áhersluatriðin sem við setjum inn í Starfsáætlun 2021-2022 eru:

1. Ljúka endurskoðun á verkferlum og áætlun Krikaskóla gegn einelti. Forvarnaráætlun sem liggur í drögum bíður eftir því að hægt sé að halda skólaping með foreldrum til að fjalla um hana. Stefnt er að skólapingi haustið 2021 en því hefur þurft að fresta vegna samkomutakmarkana. Forvarnaráætlunin tekur til þeirrar vinnu sem unnin er með börnunum í skólanum jafnt og þétt yfir skólaárið samhliða þeim viðbrögðum sem þurfa að liggja fyrir ef upp koma alvarleg atvik.
2. Markvisst þarf að vinna áfram með líðan barna í skólanum. Það á sérstaklega við hóp barna í 3. bekk sem verður 4. bekkur næsta skólaár. Samsetning barnahópsins er einstök - margir sem glíma við vanda af einhverju tagi eða ¼ hópsins. Að hluta til eru einstaklingar í hópnum sem eiga erfitt með að sýna hvert öðru skilning og samkennd. Mikilvægt er því að öflugt

Þverfaglegt teymi taki við börnunum skólaárið 2021-2022 og að breytingum verði haldið í lágmarki eins og kostur er.

3. Ákveðið hefur verið að samræma og vinna með Jákvaðan aga næsta skólaár. Þar verði áhersluþættir ákveðnir og samræmdir milli árganga. Allir árgangar skólans vinni sem dæmi með barnafundi / bekkjafundi, skapi tækifæri til einveru, noti lausnahjólíð markvisst, skipi börnum í hlutverk og fleira sem starfshópurinn sammælist um. Endurvekja þarf heildarþátttöku allra en hvert og eitt teymi þróaðist með sínum hætti m.a. vegna Covid takmarkana á samvinnu og samstarf. Mjög mikilvægt er því að setja ný markmið í starfsáætlun.
4. Upplýsingar og endurgjöf til foreldra þarf að endurskoða. Áætlað var að 2020-2021 yrði komin ný heimasíða en hún verður ekki tilbúin. Markmiðin um nýja heimasíðu færast því yfir á skólaárið 2021-2022.

2. Starfsmannakönnun Mosfellsbæjar - stjórnendamat

Mosfellsbær hefur staðið fyrir starfsmannakönnun meðal starfsfólks síðustu ár og innan hennar nokkrar spurningar sem nýttar hafa verið sem stjórnendamat.

Haustið 2020 var lögð fyrir vinnustaðakönnun sem innihélt stjórnendamat. Könnunina hefði átt að leggja fyrir vorið 2020 en var frestað vegna Covid-19. Önnur starfsmannakönnun var svo lögð fyrir vorið 2021 og þá var tekin sú ákvörðun að sleppa stjórnendamati. Slíkt mat er áætlað að leggja fyrir síðar og þá með ítarlegri hætti sem nær til fleiri stjórnenda en hægt er að framkvæma samhliða almennri starfsmannakönnun.

Niðurstöður starfsmannakönnunar haustið 2020

Svarhlutfall var 90,4% hjá Krikaskóla. Helstu niðurstöður eru mjög góðar.

93,6% starfsmanna eru mjög eða fremur ánægð í sínu starfi. 93,5% telja sig vinna vel eða fremur vel að vinna eftir gildunum jákvæðni, virðing, umhyggja og framsækni. 95,7% telja sig fá fullnægjandi upplýsingar til að sinna starfi sínu. Almenn notkun er á Workplace sem upplýsingaveitu í Krikaskóla.

91,5% telur starfsanda mjög góðan eða fremur góðan. 89% hefur fengið hrós á síðustu vikum og þau eru helst að koma frá samstarfsmönnum, yfirmönnum og foreldrum. 91,5% gengur vel að forgangsraða verkefnum og 91,1% segist ráða mjög vel eða fremur vel við álag í starfi sínu. Um 80% starfsfólks telur sig hafa gagn af starfsmannasamtölum. Nokkuð stór hópur telur sig ekki hafa leitast við að læra og þróast í starfi með námskeiðum eða endurmenntun eða 47,8%.

91,1% telja að kynin hafi jöfn tækifæri í Krikaskóla en 4% telja konur hafa fleiri tækifæri og 4% telja að karlar hafi fleiri tækifæri. 87,2% er mjög eða frekar ánægður með hvernig vinnustaðurinn hefur tekið á Covid-19.

Eineltis- og áreitni spurningar könnunarinnar komu nokkuð á óvart. 87,2% sögðust aldrei hafa orðið fyrir einelti en 6,4% sjaldan, 4,3% stundum og 2,1% nokkuð oft hafa orðið fyrir einelti. 95,7% töldu sig aldrei hafa orðið fyrir áreitni en 2,1% sjaldan og 2,1% töldu sig verða fyrir áreitni nokkuð oft.

Varðandi úrvinnslu mála taldi meginþorri sig ekki hafa fengið úrlausn mála eða 66,7%. Þegar spurt var um meinta gerendur kom fram að um samstarfsmenn var að ræða í 60% tilfella og yfirmenn í 40% tilfella.

Niðurstöður voru teknar til umræðu í starfshópnum og varð fólk almennt mjög slegið yfir þessum niðurstöðum. Það var mál manna að mikilvægi þess að vinna áfram með skilning á hugtökum sem

notuð eru í umræðunni er gríðarlegt. Að sama skapi er mikilvægt að upplýsa um hvaða ferlar og leiðir eru til fyrir starfsfólk sem upplifir þessar erfiðu tilfinningar. Ljóst er að sá fjöldi tilkynninga sem berast eftir réttum leiðum og þau mál sem fara í vinnslu hjá okkur er í engu samhengi við svör í þessari könnun. Í starfsáætlun Krikaskóla fyrir 2020-2021 er sérstaklega verið að vinna með forvarnaráætlun gegn einelti og samskiptavanda. Sú vinna mun skila sér í nýrri forvarnarstefnu og nýjum leiðum til að vinna gegn þessum þáttum í skólasamfélaginu öllu.

Stjórnendamat haustið 2020

Þar sem skólastjóri var að mestu einn við störf frá júní 2020 og til áramóta við stjórnun skólans vegna forfalla úr stjórnendateymi skólans fékk hann einn stjórnendamat að þessu sinni. Það mat byggði á svörum 46 starfsmanna skólans og kom vel út. Tvo þætti mun skólastjóri taka til endurskoðunar, að reyna að hraða viðbragði við ýmsum málum og að senda skýr skilaboð um til hvers er ætlast.

Skýring á því hvers vegna þessir þættir hafa dalað að mati starfsfólks getur m.a. legið í forföllum hjá stjórnendateymi skólans. Skólastjóri var á löngum tímabilum skólaársins eini stjórnandinn á staðnum, bæði voru forföll hjá aðstoðarskólastjóra sem og verkefnastjórum einstakra verkefna. Það er ljóst að við slíkar aðstæður verða einhver verkefni að bíða.

Niðurstöður starfsmannakönnunar vorið 2021

Svarhlutfall var 91,1% hjá Krikaskóla. Helstu niðurstöður eru mjög góðar.

82,4% starfsmanna eru mjög eða fremur ánægðir í starfi sínu. 92,2% telja sig eiga auðvelt með að vinna eftir gildum Mosfellsbæjar. 92% fá fullnægjandi upplýsingar til að sinna starfi sínu.

Upplýsingagjöf gengur vel og flestir fá upplýsingar sínar og eru ánægðir með Workplace sem upplýsingavef.

90% telur starfsanda mjög eða fremur góðan. Nokkrar spurningar koma um hrós eða endurgjöf og starfsmannasamtöl. Allar slíkar spurningar koma vel út. 94,5% gengur vel að forgangsraða verkefnum sínum. 84,0% telur sig ráða vel við álag í starfi. Of stór hópur svarar því til að hann hafi ekki leitast við að læra og þróast í starfi með námskeiðum eða endurmenntun eða 48% en það getur tengst þeirri einangrun sem við höfum búið við síðastliðið ár.

100% starfsmanna telja öll kyn hafa jöfn tækifæri. 98% er mjög ánægður með hvernig vinnustaðurinn hefur tekið á Covid-19.

Spurt var um hvort fólki þekki verkferla varðandi tilkynningar um einelti/áreitni á vinnustaðnum og 72% starfsfólks telur sig þekkja þá mjög eða fremur vel. Hér þarf að bæta upplýsingagjöf þannig að allir þekki þessa ferla vel. 98% telja sig ekki hafa aldrei hafa orðið fyrir einelti á vinnustaðnum en einn (2%) nefnir sjaldan. Sama svörun er fyrir áreitni, 98% telja sig aldrei hafa orðið fyrir áreitni en einn (2%) telur sig sjaldan hafa orðið fyrir annarri áreitni þ.e. ekki kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.


Fundað var með öllum starfsmönnum og farið yfir niðurstöðurnar. Lögð skal áhersla á það að starfhópurinn í Krikaskóla hefur skapað ákaflega gott samfélag sem allir njóta góðs af. Umhyggja og samstaða milli fólks er mikil. Rætt var um mikilvægi þess að nota réttar leiðir til að tilkynna ef fólk líður illa og telur sig verða fyrir slæmri upplifun í vinnunni. Við viljum öll fá tækifæri til að aðstoða og koma til móts við hvert annað eftir því sem mögulegt er.

3. Námsmat – samræmd próf - lesfimi - Hljóm-2 athugun

Niðurstöður samræmdra prófa í Krikaskóla 2020:

Íslenska 53,88 (landsmeðaltal 50)

Stærðfræði 48,93 (landsmeðaltal 50)




Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	26	4	15,4%	14	53,9%	8	30,8%
	Lestur	26	6	23,1%	12	46,1%	8	30,8%
Stærðfræði	Heild	28	8	28,6%	14	50,0%	6	21,4%
	Reikningur og aðgerðir	28	6	21,4%	16	57,1%	6	21,4%

Lesfimi maí 2020:


Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum Krikaskóli, maí 2021



1. bekkur – 24,4% yfir viðmiði 3, 17,24% milli viðmiða 2 og 3, 55,17 % milli viðmiða 1 og 2,

- 3,45% undir viðmiði 1
2. bekkur – 36% yfir viðmiði 3, 12% milli viðmiða 2 og 3, 32% milli viðmiða 1 og 2, 20 % undir viðmiði 1
 3. bekkur – 33,33 % yfir viðmiði 3, 8,33 % milli viðmiða 2 og 3, 54,17 % milli viðmiða 1 og 2, 4,17 % undir viðmiði 1
 4. bekkur – 21,43 % yfir viðmiði 3, 21,43 % milli viðmiða 2 og 3, 39,29 % milli viðmiða 1 og 2, 17,86 % undir viðmiði 1

Viðmið MMS (að vori) – 25% yfir viðmiði 3, 25% milli viðmiða 2 og 3, 40% milli viðmiða 1 og 2, 10% undir viðmiði 1



Hljóm-2 niðurstöður Krikaskóla 2020-2021:

	Barn Rím	Samskiptur	Samsett orð	Hljóðgreining	Margræð orð	Orðhlutaeyðing	Hljóðtenging	Samtala 1	Samtala 2	Albursþrep	Athugasemd	
1	12	8	10	12	8	10	7	67		3		
2	12	8	10	6	6	3	2	47		1		Mjög slök færni
3	3	7	0							1	Kláraði ekki	Slök færni
4	12	7	10	12	7	8	3	59		2		Meðalfærni
5	12	8	10	0	7	4	0	41		1		Góð færni
6	4	4	1							1	Kláraði ekki	
7	12	8	2	12	6	0	1	41		2		
8	12	8	10	12	8	6	3	59		3		
9	11	8	9	6	6	4	2	46		2		
10	12	7	10	15	5	9	7	65		1		
11	12	8	10	15	5	5	5	60		3		
12	12	7	10	3	8	8	2	50		3		
13	12	8	10	9	6	4	3	52		1		
14	12	8	10	6	7	5	4	52		1		
15	12	8	10	15	7	8	6	66		1		
16	12	8	9	12	6	8	8	63		3		
17	12	8	10	9	8	9	4	60		3		
18	12	8	8	6	7	7	4	52		3		
19	12	6	10	6	6	5	4	49		2		
20	12	8	10	6	8	8	5	57		2		
21	11	8	10	3	2	0	1	35		2		
22	9	7	10	6	6	4	3	45		3		
23	12	6	9	15	8	10	2	62		1		
24	12	8	10	15	8	8	7	68		1		

Árgangur 2015 tók Hljóm-2 athuginina að þessu sinni. 24 börn tóku þátt eða allur árgangurinn. Tvö börn luku ekki við athuginina eða 8% barnanna. Góða færni sýndu 17 börn eða 71% og meðalfærni 5 börn eða 21% barnanna.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á hverju skólaári að lágmarki fyrir foreldra allra barna í skólanum. Fyrri viðtölin eru í október og nóvember. Þar er lögð sérstök áhersla á líðan barnanna og eldri börnin sitja með foreldrum sínum í viðtölunum. Vegna samgöngutakmarkana voru viðtölin tekin í gegnum fjarfundabúnað við alla foreldra. Gekk sú ráðstöfun vel en börnin gátu ekki tekið þátt að þessu sinni. Í samantekt foreldraviðtala haustanna með kennurum, deildarstjórum, verkefnastjóra grunnskóla og skólustjóra kom fram almenn ánægja foreldra með skólastarfið. Ábendingar foreldra til kennara og starfsmanna skólans voru vel þagnar og nýttar beint inn í skólastarfið. Umræða skapaðist einnig um samskipti barnanna sín á milli og þann stuðning sem foreldrar geta veitt með samskiptum sín á milli.

Á vorönn 2021 var áherslan á nám og þroska barnanna. Kennarar hittu foreldra án barna í öllum árgöngum grunnskólans og fóru yfir námslega stöðu. Farið var yfir öll foreldraviðtöl með umsjónarkennurum, þroskaþjálfum, verkefnastjóra frístundar og skólustjórnendum. Vegna samkomutakmarkana fóru öll viðtölin fram rafrænt. Gerðar voru undanþágur í einstaka tilfellum og þá komu teymi saman til að ræða málefni einstakra barna.

Almenn ánægja foreldra er efst á blaði. Árangur barnanna góður og margir sigrar unnir. Góð mæting var í foreldraviðtölin og þátttaka í flestum árgöngum 100%. Það er ljóst að rafræn foreldraviðtöl eru komin til að vera í einhverri mynd. Ljóst er að fleiri foreldrum gefst kostur á að nýta sér tækifærið og í mjög mörgum tilfellum gátu báðir foreldrar tekið þátt.

Nokkur umræða var um útiveru barnanna og frístundastarfið. Við endurmat skólaársins þarf að skoða gæðaviðmið frístundar og leggja áherslu á að verkefnastjóri frístundar sé í virkara samtali við foreldra. Skólaárið 2021-2022 mun fara fram samstarf milli frístunda grunnskóla í Mosfellsbæ með það að markmiði að skoða vel faglegt innra starf og samræma gæðastarf - þar sem tekið verður mið af nýjum gæðaviðmiðum um frístundastarf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem komu út í maí 2021.

Foreldraviðtöl við foreldra leikskólabarna voru með rafrænum hætti einnig og tókust þau almennt mjög vel. Mikil þátttaka var en einstaka foreldrar óskuðu eftir símtali í stað fjarfundar og brugðist var við því. Ljóst var að almenn ánægja er með leikskólastarfið og þau viðbrögð sem skólinn hefur unnið í ljósi faraldursins. Aðgengi foreldra var mjög lítið hluta úr skólaárinu og það gerði sérstaklega nýjum foreldrum í skólanum erfitt fyrir. Samgangur og samskipti milli foreldra leikskólabarna og starfsmanna skólans eru gríðarlega mikilvæg sérstaklega þegar komið er að yngstu börnunum.

4. Haustfundur og kynning á skólastarfi

Haustkynning var að þessu sinni send út rafrænt til foreldra. Deildarstjórar leikskóla og umsjónarkennarar útbjuggu talsetta glærुकynningu á þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á skólaárinu. Foreldrum var send þessi kynning fyrir hvern aldurshóp fyrir sig. Farið var yfir skipulag, stundaskrár, námsmarkmið og leiðir.

Skólastjóri sendi einnig bréf til foreldra þar sem farið var stuttlega yfir áætlanir skólaársins. Reglulega voru send út bréf frá skólastjóra skólaárið 2020-2021 þar sem farið var yfir fréttir úr skólanum. Mjög mikilvægt var að gera tilraun til að halda foreldrum vel upplýstum þar sem aðgengi þeirra að skólanum var mjög takmarkað vegna Covid-19 ráðstafana.

Skólaþjónusta Mosfellsbæjar tók einnig saman upplýsingabréf og fræðslu fyrir foreldra sem sent var út frá skólanum. Þar voru kynntar þær leiðir sem foreldrar geta farið til að koma á tengslum og fá ráðgjöf og stuðning fyrir börnin sín.

Jórunn Edda Hafsteinsdóttir skólahjúkrunarfræðingur kynnti sína aðkomu að börnum í Krikaskóla einnig bréfléiðis til foreldra en hún sinnir bæði leik- og grunnskólabörnum. Samstarfsverkefni sem Krikaskóli hefur átt við Heilsugæsluna í Mosfellsbæ heldur áfram og foreldrar geta pantað tíma hjá Jórunni fyrir börnin á leikskólaaldri í tengslum við ung- og smábarnvernd í skólanum.


Frístundastarfið var kynnt sérstaklega fyrir foreldrum barna í 1. bekk og Eva Rut Helgadóttir verkefnastjóri frístundar kynnti fyrirkomulag og áætlanir vetrar.

5. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl skólaárið 2020-2021 fóru fram með nýju sniði en nýtt var svokallað snerpusamtal. Skólastjóri fékk að nota skipulag frá Brekkubæjarskóla til að prufukeyra í Krikaskóla. Það verður síðan aðlagð að loknu þessu skólaári til að fá fram skipulag sem hentar best fyrir starfsemi Krikaskóla. Fyrsta samtal (15-20 mín) fór fram í ágúst/september. Þar var fjallað um persónulega þróun og framtíðarsýn. Umræðan snerist um skólaárið framundan og þær áherslur sem hver og einn hygðist leggja.

Annar áfangi (15-20 mín) var tekin í desember. Fjallað var um starfshætti og umbætur. Starfsfólk ræddi þörf fyrir breytingar eða aðlögun að einhverju tagi. Nokkuð stór þáttur í umræðunni fjallaði um Covid-ráðstafanir og hvernig til hefur tekist.

Þriðji og síðasti áfangi (20-30 mín) fór fram í apríl/maí. Þar var rætt um stjórnun og liðsheid, árangur og líðan. Farið var yfir skólaárið og hvernig upplifun starfsfólks var af skólaárinu. Lögð voru nokkur drög að næsta skólaári með einstaklingum út frá framtíðaráformum og markmiðum.



Almenn ánægja var með breytt fyrirkomulag starfsmannasamtala þetta skólaár. Skólastjóri sem tók öll samtölin tók því um 180 starfsmannasamtöl yfir skólaárið. Þetta er umfangsmikið en skemmtilegt verkefni.

Fyrirkomulagið verður með sama hætti næsta skólaár en þá verður búið að útfæra áhersluatriði og gera ný undirbúningsblöð bæði fyrir starfsfólk og stjórnendur. Gert verður ráð fyrir þremur áföngum í stað fjögurra, með sama hætti og sett var upp þetta skólaárið.

6. Sjálfsmat teyma

Hvert teymi sem starfar innan skólans vinnur mat á starfi vetrar og fara yfir það með verkefnastjóra grunnskóla, aðstoðarskólastjóra og/eða skólastjóra. Vegna samkomutakmarkana óskaði skólastjóri eftir að hvert teymi tæki saman í nokkrum línunum mat sitt á skólastarfinu hjá viðkomandi aldurshópi og skilaði inn skriflega.

Þetta mat var síðan dregið saman í SVÓT - greiningu fyrir hvort skólastigið fyrir sig og fundað með viðkomandi deildarstjórum og umsjónarkennurum. Eins var óskað eftir mati frá þeim sem stýra ákveðnum verkefnum innan skólans s.s. eldhúsi, sérkennslumálum og útikennslu.

Leikskóli:

Styrkleikar samkvæmt matinu liggja í starfshópnum. Mjög litlar breytingar hafa orðið á undanfarandi árum í starfshópnum og fólk þekkist orðið mjög vel. Það varð til að auðvelda okkur þær öru breytingar sem fara varð í gegnum á skólaárinu. Þrátt fyrir Covid-19 takmarkanir náðu starfshópar í hverju hreiðri fyrir sig mikilli nánd og unnu mjög vel saman. Samgangur á milli hreiðra var skertur á

löngum tímabilum og því náðu samstarfsverkefni ekki að blómstra eins og venja er. Sjálfstæði barnanna jókst sem dæmi um það er að 4ra og 5 ára börnin þurftu sjálf að koma sér úr fataherbergi og upp í hreiður þar sem foreldrar þeirra máttu ekki fylgja þeim. Ýmis fleiri merki sáust um að öryggi leikskólubarnanna hefði aukist í skólanum á þessu skólaári. Nýta þurfti skólahúsnæði með nýjum hætti og gekk það í flestum tilfellum vel. Sérstök ánægja er með svæði við stigann sem nýtt var í lok dags til að vera nálægt inngangi í fataherbergi 4ra og 5 ára barnanna. Mikill stuðningur og hvatning kom frá foreldrum barnanna á skólaárinu. Vikubrúfin voru fastur liður í samskiptum við foreldra og upplýsingar til þeirra komust í fastari skorður.

Veikleikar voru að ákveðna starfsmenn vantaði í hópinn vegna Covid-19 og því féllu niður ákveðin verkefni eins og útikennsla. Meðan hópurinn þurfið að halda sig að mestu á heimasvæðinu varð starfið erfiðara og minni fjölbreytni. Samskipti við foreldra voru minni og saknaði starfsfólk þess. Mjög örar breytingar voru á tímabilum og lítill aðlögunartími að breyttum reglugerðum um sóttvarnir. Ýmislegt sem unnið er þvert á skólastig féll niður, samráðsfundir um ýmis fagleg málefni, sérkennslusamstarf og félagslíf starfsfólks.

Ógnanir eru þær að of mörg börn séu á sama stað á sama tíma í aðstæðum sem erfitt er að ráð við. Stytting vinnuviku starfsfólks getur orðið til þess að ógna innra starfi skólans. Tími kennara með börnum er að minnka, bæði með fjölgun undirbúningstíma og styttingu vinnuvikunnar. Þegar faghópurinn er stór og sterkur geta komið fram línur sem skerpa muninn milli fagmenntaðra og ófagmenntaðra. Mikilvægt er að fylgjast vel með slíkri þróun í skólanum og gæta vel að neikvæðri stéttaskiptingu.

Tækifæri í starfinu eru fjölmörg og mikilvægt að þau séu nýtt og skoðuð. Við getum endurskipulagt starfsemi í matsalnum og fundið leiðir til að gera þær stundir notalegar fyrir alla. Þróun í tæknimálum og tækniframfarir þarf að nýta áfram s.s. í samskiptum við foreldra. Efla þarf samstarfsverkefni innan skólans á næsta skólaári og koma samstarfsfundum aftur í gang. Endurskoða þarf útisvæðið og þann leik og tækifæri sem við erum að bjóða upp á þar.

Grunnskóli:

Styrkleikar eru taldir liggja í teymunum í skólastarfinu. Mikil þverfagleg samvinna milli fólks með ólíka menntun og bakgrunn sem gerir alla hæfari í sínu starfi. Innleiðing á nýjum tæknilausnum bæði í samskiptum og námi barnanna hefur mikil áhrif og hefur skilað okkur markvissara starfi. Aðlögunarhæfni starfshópsins í heild vegna Covid reglugerða og þeirra breytinga sem þær kölluðu á. Umhverfi barnanna var einfaldað með færri húsgögnum sem hafði töluverð áhrif á námið þeirra. Unnið var að ýmsum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum sem efldu skólastarfið. Persónuleg tenging og samstarf milli kennara og barna er einstök og hefur bara aukist á þessu skólaári. Rætt var um aðskilnað vegna Covid ráðstafana og jákvæð áhrif þess að vinna með færri börn í hverjum hópi m.a. út frá einstaklingsmiðun. Rafrænu foreldraviðtölin voru einnig mjög jákvætt skref og auðvelduðu öllum foreldrum að taka þátt sem hafa ekki alltaf átt þess kost.

Veikleikar telur hópurinn liggja í sambættingu námsþátta í þemanámi. Mikilvægt sé að efla það að markmið í íslensku og stærðfræði nái inn í þemavinnuna í öllum aldurshópum. Samstarfsverkefni féllu mikið niður vegna Covid ráðstafana og mun færri ferðir út fyrir skólann voru farnar en venjulega. Ekki náðist að klára forvarnaráætlun gegn einelti með samstarfsfundi með foreldrum. Mikilvægt sé að ná að ljúka þeirri vinnu með aðkomu Vöndu Sigurðardóttur haustið 2021. Efla þarf starf með Jákvæðan aga og setja fram markmið um samræmingu innan alls skólans fyrir næsta skólaár. Mismikið var farið í og nýtt þau verkfæri sem fylgja Jákvæða aganum milli árganga í skólanum. Bent var á að Covid hömlur hafi reynt á allt skólasamfélagið og þess sjáist merki eftir skólaárið.

Ógnanir taldi starfshópurinn vera helst í litlum árgöngum. Börn sem sækja skólann geti átt illa saman og fákeppni geti verið í vinatengslum. Mikilvægt sé að horfa til þess og vinna með slíka þætti sem geta komið fram í ákveðnum árgöngum innan skólans. Að sama skapi geti komið upp að teymi kennara nái illa saman og það þurfi með öllum ráðum að vinna gegn skaðlegum áhrifum af slíku.

Tækifæri taldi hópurinn vera fjölmörg. Sérstaklega mikilvægt sé að koma samvinnu og samstarfsverkefnum aftur af stað. Efla áfram tæknimennt og skoða vel áhrif á nám barnanna. Jákvæða agann má efla og nýta betur verkefni og leiðir sem hugmyndafræðin gefur okkur sérstaklega bekkjarfundi og lausnahjólíð. Teymin geti nýtt sér fjölbreyttari leiðir - samkensla í ákveðnum stundum og hreinir árgangar í öðrum stundum. Endurskoða þurfi smiðjur og setja fram nýjar áherslur sem taka mið af þörfum barnanna og þeim áherslum sem við viljum leggja í námi þeirra.

Frístund:

Endurmat mun fara fram haustið 2021 í samvinnu og samstarfi við önnur frístundaheimili í Mosfellsbæ. Settir verða fram gæðaviðmið sem gilda eiga fyrir Mosfellsbæ í heild sinni. Við fögnum þeirri áherslu og hlökkum til vinnunnar.

Frístundin varð mikið fyrir Covid þrengingum á þessu skólastarfi. Lengi þurfti að skipta frístundastarfinu í tvo hópa samkvæmt reglugerð. Það hafði í för með sér að börnin voru mun lengur daglega á sama svæðinu, bæði í námi og leik. Í heild sinni gekk það vel en minni möguleikar voru á fjölbreyttu starfi. Foreldrar voru töluvert að breyta skráningum milli tímabila en margir þeirra voru heima við störf sín. Á sama tíma féll niður annað íþrótt og tólmundastarf fyrir börn sem hafði áhrif á börnin.

Teymi skrifstofu: Fór í gegn um nokkur tímabil á þessu skólaári. Langtímaveikindi komu upp á skólaárinu sem höfðu áhrif á störf teymisins en meðlimir teymisins gátu dekkjað flest öll verkefni þrátt fyrir forföll. Ýmislegt varð þó að sitja á hakanum og þráðurinn verður tekinn upp á skólaárinu 2021-2022 svo sem ný heimasíða fyrir skólastarfið.

Teymi eldhús: Margt verið flókið á þessu skólaári m.a. vegna Covid takmarkana að mati hópsins. Við þurfum að breyta tímasetningum og staðsetningum á máltíðum. Mun fleiri afgangur voru því á hverjum degi frá eldhúsi. Aðgengi var takmarkað og vörumóttaka tók mið af Covid takmörkunum. Fyrir skólaárið var búið að taka þá ákvörðun að stokka aðeins upp og færa „léttu“ máltíð vikunnar frá miðvikudegi til föstudags. Almenn ánægja er með þá ráðstöfun og við munum því halda henni áfram. Fyrirkomulagi varðandi matsal verður breytt og áfram afgreitt í þremur hollum í hádeggi. Að sama skapi verður aðeins breyting á tímasetningum og framsetningu morgunverðar – þar sem við færum okkur í meira flæði og rýmkum tíma.

Breyting varð einnig á tilboðum til foreldra með boði á grænkeru fæði fyrir börnin. Það jók á flækjustigið í matseld. Nú þegar er komið til móts við mjög fjölbreyttar þarfir vegna ofnæmis eða óþols barna varðandi ákveðin matvæli. Börnum sem þurfa sérstaka tillitsemi varðandi mat fjölgar á hverju ári. Mest er um óþol en minna um staðfest ofnæmi fyrir ákveðnum fæðutegundum. Við höfum einnig komið til móts við óskir foreldra tímabundið meðan verið er að halda börnum frá ákveðnum matartegundum vegna gruns um óþol eða ofnæmi.

Vilji er til að koma til móts við óskir barnanna skv. Skólaþingi um að fjölbreytni verði meiri á mánudögum en þá hefur verið eini fasti punkturinn í matseðli eða soðinn fiskur. Áfram verður fiskmáltíð á mánudögum og miðvikudögum. Kjöttmáltíð á þriðjudögum og fimmtudögum. Föstudagarnir verða þá með léttu máltíð, súpur og/eða grænkeru fæði.

Í framhaldi af þessu mati teyma hvers árgangs fyrir sig voru teknar eftirfarandi ákvarðanir við skipulagningu skólastarfsins 2021-2022.

- Mikil ánægja er með tveggja deildarstjóra kerfið í leikskólanum og allir deildarstjórar vilja halda í það. Það verður því þróað áfram. Faglegt starf í leikskólanum hafi fengið aukið vægi og önnur dagleg verkefni séu einnig í góðum höndum.
- Ákveðið að gera eins litlar breytingar á teyllum og mögulegt er. Mikilvægt er að halda í festu á næsta skólaári sérstaklega þar sem mikið rót var bæði skólaárin 2019-2020 og 2020-2021. Að sama skapi voru verkefni óvenjuleg svo ekki sé meira sagt. Því hugsum við okkur að flestir fylgi sínum hópi eða taki við nýjum aldurshópi eins og venjulega.
- Haldið verður áfram að þróa starf með 5 og 6 ára börnunum. Vægi leiksins verður aukið enn frekar og áherslan á samfellu í námi og leik. Við munum færa áherslur frá list- og verkgreinasmiðjum og inn í almennt nám þeirra. Þannig náum við betur að færa áherslur í þemanámi og leik til samræmingar fyrir báða aldurshópa.
- Aukin áhersla verður sett í fjölbreyttar kennsluáferðir og leiðir hjá öllum árgöngum. Áfram verður unnið með tæknimennt og þær áherslur sem lagðar voru með Seesaw á þessu skólaári.
- Smiðjum (list- og verkgreinum) verður breytt og áhersla sett á nýja samsetningu. Tillaga sem liggur fyrir miðast við fimm smiðjur. Hönnunarsmiðju (smíði, textíll), listasmiðju (myndlist, kvikmyndagerð og fl.), lífstíll og heilsa (heimilisfræði, hreyfing, útivist, snjalltækjanotkun), leikur (kubbar, útivist, tæknimál) og sköpun og hreyfing (tónlist, leiklist, dans og fl.). Allar smiðjur yrðu eftir hádegi frá kl. 12:30-14:00 frá mánudegi til fimmtudags.
- Breytingar verða gerðar á matsal og skiptingu árganga í hádegisverði. Að sama skapi er áætlað að gera breytingar á morgunverði til að koma í veg fyrir mikinn fjölda á sama stað á sama tíma.
- Gert er ráð fyrir töflubreytingum til að koma til móts við óskir foreldra og Aftureldingu um tímasetningar á námi barnanna. Allir árgangar í grunnskólanum munu því ljúka námi sínu kl. 14:00 alla daga.
- Allt sund mun færast á föstudaga en 4. bekkur hefur verið í sundi á öðrum tímum. Nú munu þau fara í sund á föstudagsmorgnum.
- Frístundin mun bjóða upp á foreldraviðtöl næsta skólaár sem tekin verða á undan viðtölum grunnskólakennara. Þannig geta þau fengið milliliðalaust til sín málefni sem lúta að samskiptum barnanna sem snúa að útiveru, matsal og öðrum frístundatíma barnanna í skólanum.

7. Samráðsfundir barna og kennara – barnafundir

Í eldri árgöngum Krikaskóla hafa barnafundir verið haldnir en þar eru tekin fyrir ýmis málefni sem brýnt er að fjalla um hverju sinni. Fundirnir eru haldnir frá 4ra ára og verða flóknari að gerð eftir því sem börnin eldast. Mál eru sett á dagskrá og rædd – lausna og leiða leitað í samvinnu allra. Mörg álitamál koma upp og allir eiga möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Reglulega hefur skólinn fengið fræðsluerindi – bæði frá starfsmönnum skólans og utanaðkomandi til að rifja upp með öllum starfsmönnum áhersluatriðin og helstu leiðir. Kennarar bæði úr leik- og

grunnskólahluta skólans hafa einnig sótt sér námskeið í Jákvæðum aga – bæði innanlands sem og erlendis.

Covid ráðstafanir höfðu mikil áhrif á áherslur okkur í Jákvæðum aga. Mikilvægt er að taka þær sérstaklega fyrir á næsta skólaári og samræma aftur innan skólans. Hvert teymi þurfi að aðlaga sitt starf að þeim barnahópi og aðstæðum hans. Því er samræmingar þörf að loknum slíkum vetri.

8. Endurmat sérkennsluþarfa og áætlanir um aðkomu sérfræðiþjónustu

Árlega fer fram mat á stöðu einstaklingsmála í skólanum með aðkomu skólastjórnenda, skólafulltrúa, skólasálfræðinga og verkefnastjóra sérkennslu. Haldnir hafa verið matsfundir tvisvar á skólaárinu þar sem farið er yfir hvert mál einstaklinga. Þörf er metin á utanaðkomandi þjónustu – stöðu greininga – einstaklingsnámskrár yfirfarnar og hvort hægt sé að loka einhverjum málum.

Sérfræðiþjónusta kallar eftir skýrslum um stöðu mála innan skólans og verkefnastjóri sérkennslu sér um skil á þeim. Skýrslur eru fyrir jöfnunarsjóð sveitarfélaga, stöðu tvítyngdra og erlendra barna og almenn skýrsla um sérkennslumál skólans.

Ljóst er að mjög flókinn barnahópur er í Krikaskóla. Börn með fjölbreyttar greiningar sem mæta þarf í skólastarfi. Við höfum á að skipa mjög hæfu fólki sem heldur utanum og leiðir starfið sem hefur skilað okkur mjög góðum árangri. Ljóst er að næsta skólaár verður aðeins breyting á samsetningu en áfram verður u.þ.b. 25% barna á grunnskólaaldri með töluverðar einstaklingsþarfir – og á leikskólaaldri er greiningum að fjölga.

Áherslan hefur verið á að verkefnastjóri sérkennslu sjái um skráningar, fundi og samskipti við sérfræðinga utan skólans. Þroskaþjálfar í grunnskólastarfinu halda utanum sín mál og eru sjálfstæðir í sínum störfum í samvinnu við grunnskólakennara.

Allir kennarar skólans sinna sérkennsluþörfum og hluti af tíma þeirra skilgreindur til þeirra starfa.

9. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skólans er unnin á haustönn af skólastjóra, sem leggur hana fram til framkvæmdastjóra fræðsluviðs. Hún er endurskoðuð af skólastjóra og framkvæmdastjóra sviðsins sem leggur hana svo fram.

Haldnir eru fjármálafundir eftir hvern ársfjórðung til að meta stöðu mála. Kallað er eftir skýringum á einstökum liðum í rekstri skólans og skólastjóri leggur fram skýringar um breytingar ef einhverjar eru.

Fjárhagsáætlun ársins 2020 stóðst vel í Krikaskóla. Það sem af er fjárhagsárinu 2021 er skólinn að standast áætlun að mestu en mikil langvarandi veikindi starfsfólks og forföll vegna Covid - 19 hafa haft áhrif frá því sem áætlað var.

Liður vegna aðkeyptrar ræsting þarfnast endurskoðunar við þar sem færa þurfti ræstingu út fyrir dagvinnutíma vegna breyttrar notkunar á skólahúsnæðinu.

10. Skólaþing

Skólaþing var haldið 4. júní 2021 með grunnskólabörnum. Þrjú þemu voru í umræðunni: Hvað er best við Krikaskóla? Hverju má breyta? Hvað má alls ekki breytast? Börnin í 4. bekk geta þá rætt við okkur um framtíðina og upplifun af skólaárunum í Krikaskóla áður en þau hverfa á braut. Við höfum

haldið slík skólaþing á hverju ári nú í 8 ár – ýmist eingöngu með börnum úr elstu árgöngum skólans en stundum með fjölbreyttari aldurshópi.

Börnin eiga mikinn þátt í Krikaskóla, skólabrag og menningu og við viljum halda áfram að vinna á lýðræðislegum nótum til að efla starf Krikaskóla.

Helstu niðurstöður af skólaþingi er hversu ánægð þau eru með skólann sinn. Þau lýsa yfir mjög góðri tilfinningu fyrir námi og leik, aðstæðum og skipulagi. Það kemur fram hjá þeim að þau vilja gjarnan vera áfram í Krikaskóla – og að aðalatriðið í skólastarfinu séu kennararnir og annað starfsfólk skólans. Við fáum gjarnan mikil gullkorn og heilræði í tengslum við þeirra sjónarmið.

Eitt þeirra er: „**Krakkar eiga að bera virðingu fyrir kennaranum sínum, krakkar eiga að bera virðingu fyrir krökkum.**“

11. Ýmis verkefni

Ritunarramma MMS

Á skólaárinu tók Sigríður Ásdís, verkefnastjóri grunnskólastarfs þátt í verkefni á vegum Menntamálastofnunar sem forprófunaraðili ritunarramma, ásamt öðrum kennurum víða af landinu. Katrín Ósk Þráinsdóttir og Guðbjörg R. Þórisdóttir, læsiráðgjafar hjá Menntamálastofnun, hafa umsjón með gerð matsrammans en Baldur Sigurðsson, dósent við HÍ og Rannveig Oddsdóttir, lektor við HA, voru ráðgjafar. Jafnframt koma aðrir sérfræðingar MMS að gerð matsrammans.

Samstarf við Bates um vettvangsnám kennaranema

4. bekkur í Krikaskóla fékk frábæra tækifæri að vera í samstarfi við kennaranema frá Bates College í Lewiston, Maine. Á 6 vikna tímabili í febrúar og mars árið 2021 hittumst við í gegnum Google meet. Fyrirkomulagið var þannig að við vorum með stöðvar og kennaranemarnir stjórnðu einni stöðinni (fengu þá 4-6 nemendur í einu fyrir framan skjáinn). Kennaranemarnir skipulögðu viðfangsefni stöðvarinnar sem tengdust enskukennslu og voru þau t.d. að spjalla saman um ákveðið málefni og búa til sögu. Í eitt skiptið var allur bekkurinn saman og þá voru kennaranemarnir búnir að útbúa krossgátu sem börnin leystu í sameiningu. Þetta var skemmtilegt samstarf og gekk mjög vel. Börnin höfðu gaman að því að hitta kennaranemana á skjánum. Samstarfsverkefnið komst á vegna fyrri samskipta við prófessor Jean C. Whitney við Krikaskóla.

Námskeiðið sem nemarnir í Bates College sátu í tengslum við þetta vettvangsnám heitir “Comparative and International Education” og er mjög áhugavert í alla staði. Hér er námskeiðslýsingin frá heimsíðu skólans:

This course explores education across international contexts. Students reflect on similarities and differences in educational systems around the world, and understand that institutional practices reflect social, cultural, and national ideologies. Students evaluate educational systems against international standards and outcomes, and consider relationships among schooling, society, and development. Topics include global aims, policies, and outcomes; learning environments and pedagogies; and issues of equity across class, gender, race, ethnicity, and dis/ability. Additionally, students engage in research on an educational system of one country from among a selection of choices representing different regions of the world. Recommended background: EDUC 231. Enrollment limited to 28. Normally offered every other year. [AC] [HS] A. Charles.

Stærðfræðiskilningur barna: Talna- og aðgerðarskilningur

Nokkrir kennarar í Krikaskóla tóku þátt í rannsókn "Stærðfræðiskilningur barna: Talna- og aðgerðaskilningur" um SKSB sem Ólöf Björg Steinþórsdóttir prófessor við University of Northern Iowa í samvinnu við Guðbjörgu Pálsdóttir, dósent í stærðfræðimenntun við HÍ og Jónínu Völu Kristinsdóttir, dósent í stærðfræðimenntun við HÍ leiddu. Kennarar frá Ísaksskóla og Háteigsskóla tóku einnig þátt.

Ólöf Björg hefur unnið með kennurum í Krikaskóla frá 2009 og byggt upp þekkingu á SKSB innan skólans eftir því sem tæk hafa verið á. Hún hefur komið reglulega í skólann og haldið stutt eða lengri námskeið fyrir áhugasama kennara.

Kennarar sem vildu sóttu námskeið um stærðfræðihugsun barna með fókus á talna- og aðgerðarskilning. Stefnan var síðan á að Ólöf Björg kæmi í skólann til að vinna með kennurum í raunverulegum aðstæðum en sökum aðstæðna gekk sá þáttur ekki upp. Tekin voru upp myndbönd af vinnu barnanna með heimild frá foreldrum sem nýtt verða í rannsóknina en einnig til kennslu hjá kennaranemum. Covid takmarkanir höfðu mikil áhrif á framgang rannsóknarinnar en á vordögum þegar afléttingar urðu náðist að klára. Eftirfarandi grein má finna á Skólaþráðum en þar er kynning á mismunandi lausnaleyðum nemenda í margföldun og hugleiðingar um stærðfræðikennslu, <https://skolathraedir.is/2021/04/21/eg-leysi-stundum-vandamalid-med-svona-hringjum-hugsun-barna-um-margfoldun/>

Mosmennt

Mikil uppbygging hefur verið í tæknimálum í Mosfellsbæ. Ákveðið var að setja af stað sameiginlegt verkefni grunnskóla og Google-væða skólanna.

Verkefnastjóri var Ingvi Hrannar Ómarsson – sem hélt utanum fræðslu til starfsfólks og tæknilega ráðgjöf. Boðið var upp á námskeið fyrir leiðtoga hópa sem stofnaðir voru í hverjum skóla. Í leiðtoga hópi Krikaskóla voru Berglind Bjarnadóttir, Vala Margrét Jóhannsdóttir, Egill Jóhannsson og Þrúður Hjelm. Leiðtoganámskeiðin fóru fram í desember í Google umhverfinu, Google Classroom og Seesaw.

Námskeiðsdagur var svo skipulagður fyrir alla starfsmenn 4. janúar – þar sem farið var í fjölmörg lærdómsrík atriði með skemmtilegu bingó sniði.

Allur tölvupóstur skólans, sameignarsvæði hans og gögn skólans eru nú komin á Google svæði skólans í Mosmennt.

Mörg örkennslumyndbönd má finna á eftirfarandi slóð; <https://vimeo.com/showcase/googlebingo>

Til stóð að heimsækja Árskóla á Sauðárkróki og fá að sjá vinnu þeirra með yngsta stigi grunnskólans en vegna Covid-19 ástands fyrir norðan varð að fresta þeirri ferð. Í staðin unnu nokkrir kennarar sína starfendarannsókn sjálfstætt um möguleika á notkun Seesaw í starfi Krikaskóla. Ferðina geymum við til betri tíma.

Forvarnarætlun Krikaskóla gegn einelti og áreitni

Við fengum Vöndu Sigurðardóttur lektor í tómsunda- og félagsmálafræði við HÍ og þjálfara hjá KVAN til okkar í Krikaskóla. Hún var með fræðsluerindi og vinnustund fyrir starfsfólk skólans í lok október um einelti- og samskiptavanda barna. Hann var ákaflega gagnlegur og var strax farið að vinna með verkfærum sem hún miðlaði til okkar í skólanum.

Hún var með fræðsluerindi fyrir foreldra miðvikudag 4. nóvember kl. 20:00 - á ZOOM. Um 40 foreldrar nýttu sér tækifærið.

Forvarnarætlunin okkar kláraðist ekki á þessu skólaári en mikilvægt er að ljúka henni með samtali og kynningu fyrir foreldrum. Það náðist ekki vegna samkomutakmarkana á þessu skólaári. Verkefnastjóri yfir verkinu er Sigríður Ásdís og hefur verið unnið að því eftir föngum þegar starfsmenn skólans hafa getað hist og unnið saman. Þeir tímar hafa verið fáir á þessu skólaári sökum Covid ráðstafana.

Stytting vinnuviku – Betri vinnutími

Um áramótin tóku gildi ákvæði kjarasamninga allra starfsmanna Krikaskóla nema grunnskólakennara um styttingu vinnuviku. Stofnaður var starfshópur sem tók að sér að vinna að tillögum sem féllu að starfi skólans. Starfshópurinn skipuðu; Valdís fyrir Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Kristjana og Milana fyrir Félag leikskólakennara og Eva Rut fyrir starfsmenn í öðrum stéttarfélögum. Mannauðsstjóri Mosfellsbæjar lagði upp vinnulag og reglur sem fara ætti eftir. Þegar starfshópurinn var kominn aðeins af stað bættist skólastjóri við til að auðvelda hópnum að koma fram með tillögum sem hentuðu skólastarfinu í heild sinni.

Fyrsta tillaga sem allir starfsmenn kusu var að stytting færi fram aðra hverja viku 3,0 klst. í senn fyrir þá sem væru í 100% starfi og aðrir fengju hlutfallslega styttingu. Sett var upp fyrirkomulag í tvær vikur í senn og endurmetið að þeim tíma loknum. Þetta fyrirkomulag var í gildi fyrstu mánuðina og í mars var ákveðið með kosningu að auka styttingu um helming og að stytting færi fram vikulega. Vikudagur var festur hjá hverjum og einum. Aðra vikuna kemur fólk seinna til vinnu og hina vikuna fer fólk fyrir heim. Þannig kláraðist skólaárið og áætlað er að taka umræðu um breytingar í átt að fullri styttingu sem eru 4 klukkustundir vikulega hjá þeim sem eru í 100% starfi haustið 2021.

12. Starfsáætlun - Skólanámskrá

Skólaárið 2019-20 var Skólanámskrá Krikaskóla endurskoðuð, markmið og leiðir. Starfsáætlun skólans var gefin út í nýju formi sem byggði á sameiginlegum grunni sem skólastjórnendur grunnskóla í Mosfellsbæ unnu að frá skólaárinu 2019-2020.

Ákveðið var að gera sameiginlegan grunn fyrir starfsáætlanir grunnskóla Mosfellsbæjar – sem og nýjar Skólanámskrár. Í tengslum við þessa samstarfsvinnu skólastjórnenda í Mosfellsbæ var ákveðið að endurskoða heimasíður skólanna. Þær verða einfaldaðar og gerðar aðgengilegri fyrir notendur. Eins er markmiðið að auðveldara verði að uppfæra árlega þá þætti sem nauðsyn er að sinna.

Ný útgáfa Starfsáætlunar kemur út hjá Krikaskóla í ágúst 2020 og áætlað að Skólanámskrá Krikaskóla kæmi fljótlega í kjölfarið. Þeirri vinnu seinkaði vegna Covid áhrifa. Við leggjum nú upp með að ný skólanámskrá muni liggja fyrir á haustönn 2021-2022. Starfsáætlun verður gefin út á hverju hausti.

13. Endurmat á samkomulagi við grunnskólakennara

Samkomulag við grunnskólakennara í Krikaskóla byggir á breyttu vinnulagi og starfstíma skólans. Samkomulagið er metið þrisvar yfir skólaárið í samtali trúnaðarmanns grunnskólakennara og skólastjórnenda. Framkvæmdastjóri fræðslusviðs hefur komið einu sinni yfir skólaárið, ef þörf er á, til fundar með trúnaðarmanni grunnskólakennara og skólastjóra varðandi samkomulagið.

Almenn ánægja ríkir með samkomulagið í Krikaskóla og engin breyting var gerð á því fyrir skólaárið 2020-2021. Samkomulag verður áfram gert við grunnskólakennara í Krikaskóla vegna 200 daga skóladagatala og áherslu skólans á samfellu í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.

14. Vinnueftirlitið - áhættumat

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður – ásamt öryggisnefnd Krikaskóla vinnur áhættumat á skólahúsnæði og aðstæðum starfsmanna. Hvert teymi fyllir út eyðublað með upplýsingum sem síðan eru dregnar saman og lagðar fyrir starfsmannahópinn. Lögð er áhersla á að finna leiðir og úrbætur á þeim athugasemdum sem koma fram hjá starfsmönnum.

16. Starfendarannsóknir Krikaskóla

Eftirfarandi starfendarannsóknir voru unnar í Krikaskóla skólaárið 2020-2021:

- Einelti - handriti af leikinni mynd með börnum. Haraldur Sigmundsson
- Seesaw - fikt og framkvæmdir. Bryndís María Olsen, Egill Jóhannsson, Hlín Ólafsdóttir, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Vala Margrét Jóhannsdóttir.
- Að skapa gott læsis samfélag. Soffía Fransiska Rafnsdóttir Hede og Anna Kristín Jörundsdóttir.
- Listar yfir lestrarbækur. Hafrún Hafliðadóttir.
- Að kenna heilsu. Hvernig er hægt að gera KrikaFit skilvirkara? Eliths Freyr Heimisson

17. COVID-19

Áhrifa Covid-19 gætti strax við upphaf skólaársins. Aðgangur foreldra að skólanum var strax skertur og foreldrar fengu aðeins aðgang að fataherbergjum. Við aðlögun nýrra barna í leikskóla þetta haustið voru foreldrar beðnir að nota andlitsgrímur meðan á veru þeirra í skólanum stóð. Venjulega eru þeir velkomnir í kaffistofu og farið er með þá í skoðunarferð um skólann en það var ekki hægt að þessu sinni.

Skólasetning 18. ágúst 2020 var á lóð skólans og hópnum var skipt á eftirfarandi tíma vegna samkomutakmarka: 1. bekkur kl. 9:00 – 2. og 3. bekkur kl. 9:30 og 4. bekkur kl. 10:00. Foreldrar nýrra barna sem fylgja þurfti voru beðnir að bera andlitsgrímur meðan þeir stöldruðu við í skólanum. Á sama tíma var tilkynnt að fyrirhuguðum Starfsdegi Mosfellsbæjar 20. ágúst hefði verið frestað og skólastarfið því hefðbundið þann daginn.

Við reglugerðarbreytingar í byrjun september voru áréttáðar strangari kröfur um skólastarf en almennt giltu í samfélaginu – skólar voru áfram lokaðir utanaðkomandi nema með leyfi skólustjóra. Foreldrum var bent á rafrænar leiðir og síma til að eiga samskipti við starfsfólk skólans en við fundum á þessum tíma vel fyrir því að ná ekki eðlilegum daglegum samskiptum við foreldra. Hluti foreldra þekkti ekki til nýrra svæða eða þeirra kennara sem voru að taka við börnunum þeirra.

5. október 2020 voru sóttvarnarreglur hertar. Reynt var að skila börnum á útsvæði við lok skóladags og eftir fremsta megni að fækka snertiflötum milli aðila. Foreldrum var gert að nota grímur í anddyrum skólans – sóttreinsa hendur og halda 2 metra fjarlægð við aðra foreldra og starfsfólk skólans. Þeir voru beðnir að stoppa stutt við, spjalla ekki við starfsfólk eða aðra foreldra. Öll samskipti yrðu að fara fram í gegnum síma eða tölvupóst.

Sérstaklega þurfti að áréttá að börn og starfsfólk kæmi ekki til skóla við minnstu einkenni veikinda. Hvatt var til að starfsfólk færi í sýnatöku til að athuga með smit – sem varð til þess að nokkur forföll urðu í skólanum. Á sama tíma fóru nokkrir starfsmenn skólans í varnarsóttkví vegna undirliggjandi sjúkdóma. 6. október 2020 var svo sundstöðum lokað og þar með lagðist skólasund niður.

Tekin var sú ákvörðun að skólasund og skólaíþróttir féllu niður til 19. október. Íþróttakennari skólans var með íþróttir og aðra hreyfingu á skólalóð í staðinn. Allar íþróttæfingar barna hjá Aftureldingu féllu niður á sama tíma.

9. október 2020 skrifaði skólustjóri foreldrum sérstakt bréf þar sem áréttáð var að miklar breytingar væru bæði í skólastarfinu og í daglegu lífi okkar allra. Ýmis merki væru um vaxandi spennu í samfélaginu sem bærast beint inn í skólastarfið. Líðan og streita barna birtist oft í hegðun þeirra og mikilvægt að allir tækju tillit til hvers annars. Börnin okkar þyrftu á mikilli ást og umhyggju að halda,

bæði í skólanum og heima við. Foreldrum var einnig sérstaklega þakkað fyrir stuðning sinn við skólastarfið og hlýju þeirra til starfsfólks sem í ljósi aðstæðna var ómetanleg.

14. október 2020 þurfti að óska eftir að foreldrar 2ja og 3ja ára barna, sem mögulega gætu, næðu í börnin sín um kl. 15:00. Engum deildum var lokað og þeir foreldrar sem ekki hefðu tök á gætu verið rólegir með börnin sín í skólanum. Viðbrögð foreldra voru frábær og þeim voru sendar sérstakar þakkir í lok dags.

Ný reglugerð var sett fram 18. október 2020 og þar voru framlengd ákvæði um íþrótt- og sundkennslu til 3. nóvember 2020. Áfram var því skerðing á kennslu en íþróttakennari skólans vann með hópa í skólanum eða á lóð hans í fjölbreyttri hreyfingu.

Almannavarnir og sveitarfélögin ákváðu að setja á skipulagsdag í öllum skólum mánudaginn 2. nóvember til að gefa skólum færi á að endurskipuleggja skólastarfið – út frá nýrri reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar sem setti skólanum þröngar skorður. Krikaskóli var því lokaður þann dag.

Skipulag skólans frá 3. nóvember til og með 17. nóvember var sent út til foreldra 2. nóvember. Skólanum var skipt upp í fjögur sötthólf – tveir árgangar í hverju sötthólfi. Samstarf var innan sötthólfsins en ekki milli þeirra. Skólastarf grunnskólans og frístundar fór fram á sama svæði innan skólans og því voru börnin á sama svæði yfir daginn. Barnahópar úr sötthólfunum blönduðust aldrei saman í starfi skólans en máttu hittast á göngum. Gætt var vel að aðskilnaði í matsal og útiveru. Íþróttir og sund féll niður en áfram var unnið með hreyfingu á útisvæði. Inngangar í skólann voru skilgreindir fyrir ákveðna aldurshópa. Foreldrar voru beðnir að koma ekki í skólann nema brýna nauðsyn bæri til og þá aðeins með grímur – aðeins eitt foreldri mætti koma með hverju barni enda samkomutakmarkanir við 10 manns í sama rými. Reynt var eftir fremsta megni að halda skólastarfi eins eðlilegu og hægt var en þó voru takmarkanir verulega íþyngjandi.

Starfsfólki var skipt niður á sötthólf innan skólans og því vorum við mjög viðkvæm fyrir forföllum. Starfshópurinn var mjög samstíga, viljugur að sveigja til vinnutíma og viðfangsefni eins og þjónaði skólastarfinu best. Það var ómetanlegt að finna samkenndina í öllum hópnum og umhyggjuna hvert fyrir öðru. Við fengum til okkar starfsmenn úr bakvarðarsveit, en þeir komu til okkar frá íþróttamiðstöðvunum sem voru lokaðar á þessum tíma.

Sunnudaginn 8. nóvember var ljóst að smit hafði komið upp hjá barni í skólanum. Ákveðið var í samvinnu við rakningarteymi Almannavarna að senda sötthólfið í heild sinni í sóttkví, fyrst úrvinnslusóttkví en síðan 7 daga sóttkví frá því fólk komst í snertingu við mögulegt smit. Alls fóru því 48 börn og 8 starfsmenn í leikskólahluta skólans í sóttkví. Viðkomandi barn var einkennalaust í skólanum og veiktist ekki alvarlega. Engin fleiri smit komu fram hjá börnum eða starfsfólki skólans út frá þessu smiti.

Í bréfi til foreldra frá skólastjóra 13. nóvember kom eftirfarandi fram:

Starfið í skólanum er með nokkru breyttu sniðið. Við erum ekki að vinna eftir sama dagskipulagi og verið hefur. Við þurfum því að breyta vinnulagi skólans, staðsetningum hópa, skiptingu í sötthólf, verkefnum og verkaskiptingu starfsmanna. Sund og íþróttakennsla liggur niðri, ásamt list- og verkgreinasmiðjum. Samstarfsverkefni milli 5 og 6 ára barna sem og samkennsla 2. og 3. bekkjar er ekki í gangi. Það er því ekkert einfalt við verkefnið. Ég vil hrósa starfsfólki skólans fyrir mikið æðruleysi og lausnamiðun í allri sinni nálgun.

Ný reglugerð sem tók gildi 18.11.2020 og náði til 1.12.2020 framlengdi skólastarfið í þeirri mynd sem það var í. Sötthólfin héldu sér óbreytt, 50 börn í hverju hólfi ásamt 10 starfsmönnum samtímis. Grímuskylda fyrir allt starfsfólk í sameiginlegum rýmum en ekki innan sötthólfsins. Skipta þurfti upp í

tvær kaffistofur fyrir starfsfólk og tengja sötthólfín við. Undirbúningur og fundir fóru allir fram rafrænt – en minni teymin gátu unnið saman á staðnum ef þau óskuðu. Allir stærri fundir og samstarf lá niðri eða fór fram á Teams.

Reglugerðin var svo framlengd lítið breyttri til 31.12.2020 sem þýddi að jólaballið 18. desember var með óhefðbundnu sniði vegna sóttvarna. Jólástund var skipulögð í hverju sötthólfi fyrir sig og jólasveinar heimsóttu hvert hólfi en þeir komu til okkar í boði Foreldrafélags Krikaskóla. Hefðbundin aðventustund og piparkökumálun Foreldrafélagsins gat ekki farið fram en skólinn tók við verkefninu. Foreldrafélagið kom efnivið til verksins í okkar hendur og börnin máluðu piparkökur, hlustuðu á jólalög og áttu góða stund með sínum félögum.

Ný reglugerð tók gildi 1.1.2021 og gildi til 28.2.2021. Hún gerði okkur kleift að taka upp nokkuð hefðbundið leikskólastarf og losaði leikskólabörnin úr sötthólfunum. Það var velkomið því nokkuð hafði reynt á að halda börnunum alveg í hreiðrum og eina uppbotið í starfinu var að fara í útiveru. Hægt var að opna nokkur sameiginleg svæði s.s. kubbavæði og hreyfirými sem var kærkomið. Grunnskólabörnin voru hins vegar ennpá í 50 barna sötthólfum – bæði í grunnskólastarfi og frístund. Sundið og íþróttir hófust aftur og var það mikið gleðiefni fyrir flest börnin. List- og verkgreinasmiðjur fóru aftur af stað en nokkuð mikil vinna fór í endurskipulagningu þeirra þar sem hóparnir voru mikið breyttir, önnur aldurs samsetning en við erum með venjulega. Endurskipuleggja þurfti þær því og markmiðssetja upp á nýtt út frá námskrá. Það var mikið gleðiefni að fá þessa tíma aftur í töflu.

100 daga hátíð skólans var haldin með breyttu sniði 25. janúar 2021 vegna sóttvarna.

Ný reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar kom út 23. febrúar og gildistíminn var til 30. apríl 2021. Með henni var skólastarfið fært nær því hefðbundna. Engar takmarkanir voru í leikskólastarfinu en 150 börn máttu koma saman í grunnskólastarfi. Nándarmörk innan skólans færðust í 1 metra og nú máttu 50 fullorðnir koma saman í rými að teknu tilliti til nándarmarka. Áfram var óskað eftir að foreldrar færu ekki að óþörfu inn í skólann en ef þeir þyrftu á því að halda þá að stoppa stutt við. Frístundin gat farið í hefðbundnara form og sameinað alla árganga á einu svæði. Það munaði miklu bæði fyrir mönnun og félagaval barnanna.

24. mars 2021 voru sett fram ný ákvæði í reglugerð um takmörkun á skólastarfi sem tóku gildi á miðnætti. Þar var staðbundin starfsemi grunnskóla gerð óheimil til 31. mars 2021. Því féll allt skólastarf grunnskóla og frístundar niður síðustu tvo skóladagana fyrir páskaleyfi. Leikskólahluti skólans hélt áfram sinni starfsemi. Starfsdagur var ákveðin í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu 25. mars 2021 fyrir hádegi að kvöldi 24. mars með mjög stuttum fyrirvara. Þrengja þyrfti að leikskólastarfi með sötthólfum sem takmörkuðust af 10 starfsmönnum í hverju sötthólfi. Aðgengi foreldra að skólabyggingunni var þrengt mikið aftur.

Þessa tvo daga sem börnin máttu ekki koma til skóla nýttu grunnskólakennarar í undirbúningsvinnu til að undirbúa hið óvænta. Við ákváðum að búa til A – B og C plan til að eiga til því við vissum ekki hvað tæki við að loknu páskaleyfi. Spurningarnar sem við reyndum að svara fjölluðu um hvernig hægt væri að færa skólastarf svo ungra barna í rafrænt form og heimakennslu ef áframhald yrði á þessu banni til staðbundins skólastarfs grunnskóla.

Reglugerð kom út 1. apríl með gildistíma til 15. apríl 2021. Grunnskólabörnin máttu snúa aftur til skóla og frístundar. Áfram var unnið í 50 barna sötthólfum og 20 fullorðnir máttu vera í sama rými. Skólar voru áfram lokaðir foreldrum og öðrum utanaðkomandi enn um sinn.

19. apríl 2021 sendi skólustjóri áskorun til foreldra vegna mikilla smita í nærsamfélaginu. Nokkur börn og einn starfsmaður skólans voru komnir í sóttkví með fjölskyldum sínum. Mikilvægt væri því að fara mjög varlega og gæta að sóttvörnum.

5. maí 2021 fór stór hópur starfsfólks úr skólanum í bólusetningu í Laugardalshöll. Hluti hafði þá þegar fengið fyrri sprautu fyrir forgangshópa s.s. vegna undirliggjandi sjúkdóma. Í lok vinnudags 5. maí voru því um 90% starfsmanna skólans búnir að fá bólusetningu að fullu eða fyrra skiptið eftir tegundum bóluefna.

6. maí 2021 eða daginn eftir bólusetninguna miklu þurfti að fella niður frístundastarf frá kl. 14:00 vegna forfalla starfsfólks. Annað skólastarf var hægt að tryggja með mikilli samvinnu starfsfólks sem ekki fann til veikinda eftir bólusetningu.

25. maí 2021 féll úr gildi sérstök reglugerð fyrir skóla og sú almenna tók við. Afléttingar voru á sóttvarnaraðgerðum. Grímuskylda féll niður innan skólans, fjarlægðarmörk fóru í 1 metra og hámarksfjöldi fór í 150 manns í rými (leikskólabörnin voru undanskilin). Foreldrum var heimilt að koma í skólann og fylgja börnum sínum á svæði í skólanum eða sækja þau þangað. Áfram þurfti hver og einn að gæta að persónubundnum sóttvörnum.

11. júní var haldin Sumarhátíð Krikaskóla. Hún varð að vera foreldralaus en að öðru leiti náðum við góðum degi.

24. júní 2021 var Krikaskóla slitið með nokkuð hefðbundnum hætti. Stutt athöfn var í salnum og hvert barn mátti taka með sér tvo gesti. Óskað var eftir að allir foreldrar bæru grímur við athöfnina þar sem ekki var hægt að tryggja 1 metra fjarlægð milli óskyldra aðila.

Allt skólaárið 2020-2021 vorum við í Covid-19 ráðstöfunum. Mikil áhersla var á sóttvarnir og fjarlægð á milli fólks. Þessar áherslur sem öllu stjórnunni hafa hingað til haft lítið vægi í skipulagi og framkvæmd skólastarfs. Á hverjum degi þurfti að huga vel að snertiflötum, sóttthreinsun svæða og frágangi þannig að næsti gæti komið nokkuð öruggur að. Það gefur að skilja að snertifletir í skólastarfi með 200 börnum, starfsfólki og foreldrum eru gríðarmargir. Vel tókst samt til í heildina að vinna þessi verk í mikilli samvinnu allra sem að komu. Ekkert var í raun einfalt og fjöldi spurninga sem þurfti að leita svara við ótrúlegur. Mjög margir leituðu til skólans eftir ráðgjöf og upplýsingum. Á tímabilum var fólk orðið langþreytt, sumir brugðust við með pirringi og jafnvel reiði. Langflestir voru þó jákvæðir og lausnamiðaðir, ákveðnir í að komast í gegnum verkefnið og leggja sitt af mörkum.

Skólustjóri sendi foreldrum 40 upplýsingapósta um Covid-19 ástandið, nýjar reglugerðir og viðbrögð skólans á skólaárinu. Stuðningur foreldra við starf skólans var mikill og mikið þakklæti fyrir okkar störf.

Samstarf og samráð aðila í Mosfellsbæ var mikið. Reglulega var fundað með Fræðsluskrifstofu og skólustjórnendum og öðrum þeim aðilum sem koma að börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þar var hægt að fara yfir reglugerðir og leiðbeiningar Almannaþingarinnar og þau tilmæli sem bárust. Hægt var að leita lausna í samvinnu við aðra og sameinast um aðgerðir. Sérstaða hvers skóla og aðstaða er þó nokkur en öflugt samstarf styrkir ákvarðanir og gefur öllum nýjar hugmyndir. Slíkur mannauður er ómetanlegur þegar vinna þarf í flóknum verkefnum.

Þrátt fyrir alla þessa upptalningu staðreynda er aðeins tæpt á öllum þeim áskorunum sem við stóðum frammi fyrir á skólaárinu 2020-2021. Margar sögur eru ósagðar og ýmislegt sem látið er liggja milli hluta í þessari samantekt.

Lokaorð

Skólaárið 2020-2021 verður lengi í minnum haft. Það er sérstakt að skólastarf sé skipulagt út frá þeirri meginsýn að senda þurfi sem fæsta í sóttkví ef upp kemur smit hjá barni eða fullorðnum í skólasamfélaginu. Margt gekk vel og árangur barna var almennt góður. Við sjáum þó að þeir sem stóðu að einhverju leiti höllum fæti gera það enn og vandinn hefur ekki minnkað. Þar er mikið verk að vinna.

Foreldrasamstarfið er verkefni sem þarf að setja í forgrunn á næstu árum og við þurfum að svara ýmsum spurningum þar. Hversu mikla aðkomu eiga foreldrar að hafa að skólastarfinu og hvar liggja mörkin. Það er mikilvægt að allir séu með skýra sýn um hlutverk skólans og ábyrgð.

Ljóst er að stöðugleiki er góður í starfsmannahópnum milli skólaára og því fögnum við mjög. Starfshópurinn hefur fengið að glíma við flókin verkefni og styrkur hans er mikill. Það hefur verið gæfa skólans á þessu skólaári og lykilinn að því hversu vel gekk í ljósi síbreytilegs skólastarfs.

Heimasíða skólans er með fjölbreyttum upplýsingum og efni fyrir foreldra og aðra áhugasama. Við munum endurnýja heimasíðuna okkar á næsta skólaári með það að markmiði að gera hana einfaldari í notkun.

Í þessari samantekt er tekið til þátta sem ekki koma inn í starfsáætlun skólans eða í skólanámskrá með beinum hætti. Við leggjum áherslu á að allar ábendingar um þætti sem vantar inn í skýrsluna, frá foreldrum eða öðrum í skólasamfélagi Krikaskóla, eru vel þegnar.